

## Fundargerð

**42. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,  
24. júní 2020, kl. 09:15.**

**Fundinn sátu:**

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson og Dagbjört Bjarnadóttir.

**Fundargerð ritaði:** Guðjón Vésteinsson, skipulagsfulltrúi.

**Dagskrá:**

Í upphafi fundar lagði oddviti til að eftirfarandi máli yrði bætt við á dagskrá með afbrigðum:

2006037- Hlíðavegur 6 - Netkerfislagnir

Samþykkt samhljóða að bæta málinu við á dagskrá fundarins undir lið 8 og færast önnur mál til sem því nemur.

**1. Endurskoðun aðalskipulags - 1806007**

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi sat undir þessum lið.

Tekin fyrir að nýju drög að skipulags- og matslysingu frá ALTA vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023.

**2. Landsvirkjun - ósk um breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar - 2005016**

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi sat undir þessum lið.

Tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun dags. 14. maí 2020 þar sem þess er óskað að fá heimild til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar vegna fyrirhugaðrar niðurdælingarholu í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með tölvupósti þann 11. júní s.l. sendi framkvæmdaraðili drög að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar í samræmi við matslysingu sem áður hefur verið tekin fyrir. Gögnin samanstanda af greinargerð og breytingarblaði frá Landslagi. Breyting á deiliskipulagi fellst í því að skilgreint er niðurdælingsvæði og niðurdælingahola fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð staðsett.

Niðurdælingsvæðið er 0,4 ha að stærð og er það staðsett sunnan við kæliturninn í Kröflu. Niðurdælingarholan er staðsett innan niðurdælingsarsvæðisins en holan mun vera skáboruð til vesturs, en markmiðið er finna lekt við að skábora gegnum gossprungu frá Daleldum.

Holustaðsetning og hönnun gera ráð fyrir lágmarks raski á svæðinu en með skáborun verður framkvæmdasvæði haldið í lágmarki um leið og það er utan skilgreindar hverfisverndarsvæðis sem nær til gosgíganna frá Daleldum.

Framkvæmdaraðili sendi tilkynningu til Skipulagsstofnunar um fyrirhugaða borun niðurdælingarholu fyrir förgun þéttivatns frá Kröflustöð í Skútustaðahreppi skv. 6.

7.7.

gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.06 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Skútustaðahreppi, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Orkustofnunnar og Umhverfisstofnunnar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunnar þann 28. maí 2020 kemur m.a. fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsnefnd telur að um verulega breytingu á deiliskipulagi sé um að ræða. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún heimili að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þegar að umsögn um matslysingu hefur borist. Skipulagsnefnd telur að fyrirhuguð breyting sé í samræmi við þær meginforsendur sem liggja fyrir í gildandi aðalskipulagi. Jafnframt leggur skipulagsnefnd til að skipulagsfulltrúa verði falin málsmeðferð auglýsingar á breytingunni líkt og 1. mgr. 43 gr. skipulagsлага nr. 123/2010 mælir fyrir um.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna, forsendur hennar og umhverfismat íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt í samræmi við 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

### 3. Drekagil: Deiliskipulag smávirkjunar - 1706012

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi sat undir þessum lið.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Magnúsi Haukssyni dags. 17. febrúar 2020 f.h. Neyðarlínunnar ohf. þar sem óskað var eftir því að gera breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir smávirkjun í Drekagili. Ástæða deiliskipulagsbreytingar er breyting á staðsetningu stíflu og lítil tjörn sem myndast ofan hennar. Meðfylgjandi umsókninni var uppráttur frá Landmótun, dags 15. janúar 2020. Skipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi smávirkjunar við Drekagil. Breytingartillagan var auglýst með athugasemdafresti frá 3. apríl 2020 til og með 15. maí 2020. Umsagnir bárust frá Vatnajökulsþjóðgarði og forsætisráðuneytinu sem skipulagsnefnd taldi ekki krefjast svara. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi smávirkjunar við Drekagil verði samþykkt. Jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að senda þeim sem athugasemdir gerðu svör skipulagsnefndar/sveitarstjórnar við þeim og að annast gildistöku breytingartillögunnar líkt og 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 mælir fyrir um.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar með fjórum atkvæðum. Halldór greiddi atkvæði á móti.*

### 4. Umsókn um lóðarstofnun - 2006023

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi sat undir þessum lið.

Erindi frá Arngrími Geirssyni dags 15. júní 2020 þar sem sótt er um að stofna lóðirnar Álfagerði 3a og Steinholu út úr jörðinni Álfagerði 3. Meðfylgjandi umsókn er hnittsettur uppráttur frá Búgarði, dags 11. júní 2020. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna í samræmi við fyrirliggjandi gögn og leggur til við sveitarstjórn að hún verði samþykkt og jafnframt verði byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna þeirra eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um þegar öll nauðsynleg gögn hafa borist.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar samhljóða.*

### 5. Landsvirkjun - Kæra til ÚUA vegna stöðuleyfis - 2006028

Lagt fram afrit af kæru Landsvirkjunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og

auðlindamála (ÚUA) dags. 10. júní 2020 vegna ákvörðunar Sveitarstjórnar Skútustaðahrepps frá 27. maí 2020 um að stöðuleyfi Landsvirkjunar fyrir nýsköpunargámi við skiljustöð 2 í Bjarnaflagi verði háð því skilyrði að engar framkvæmdir verði leyfðar fyrir en úrskurður ÚAA vegna kæru landeigenda Reykjhahlíðar liggi fyrir.

Sveitarstjórn felur starfandi sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa í samráði við lögmann sveitarfélagsins að vinna málid áfram.

**6. Beiðni sveitarstjónarráðherra vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021 - 2006027**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16. júní 2020 þar sem fjallað er um beiðni sveitarstjónarráðherra vegna fasteignaálagningar 2021.

**7. Framsýn - Ákvörðun Samkaupa um breytingar á verslunarrekstri í Mývatnssveit - 2006026**

Lagt fram afrit af bréfi stjórnar Framsýnar stéttarfélags 15. júní 2020 til Samkaupa um verslun og þjónustu Samkaupa í Mývatnssveit. Í ályktun stjórnar Framsýnar segir:

„Framsýn stéttarfélag gagnrýnir harðlega þá ákvörðun Samkaupa að stórhækka vöruberð í verslun Samkaupa í Mývatnssveit. Fyrirtækið hefur þegar ákveðið að breyta nafni verslunarinnar úr Kjörbúð í Krumbúð. Við nafnabreytinguna kemur vöruberðið í einhverjum tilfellum til með að hækka um tugi prósenta.

Verslunardeðjan hefur gefið út að við breytinguna muni vöruberðið hækka að meðaltali um 7,7%.

Þessi vinnubrögð eru forkastanleg í alla staði. Hafi það farið fram hjá forsvarsmönnum Samkaupa hefur þjóðfélagið verið lamað undanfarna mánuði vegna Covid 19 veirunnar. Því miður eru horfur á að efnahagsástandið muni ekki lagast í bráð.

Ástandið hefur ekki síst komið afar illa við íbúa Skútustaðahrepps enda byggir atvinnulífið í sveitarfélagini að stórum hluta á ferðaþjónustu. Hlutfallslegt atvinnuleysi meðal vinnandi fólks í Skútustaðahreppi hefur verið með því mesta sem gerist meðal íbúa sveitarfélaga á Íslandi.

Ákvörðun Samkaupa er ógn við Lífskjarasamninginn sem byggir á samstarfi Samtaka atvinnulífsins, sveitarfélaga, stjórnvalda, fjármálastofnanna og verkalýðshreyfingarinnar um stöðugleika í þjóðfélagini. Stöðugleiki byggir ekki síst á stöðugu verðlagi og að opinberir aðilar haldi gjaldskrárhækkunum í lágmarki.

Er von að spurt sé, telur Samkaup sé ekki bera neinar samfélagslegar skyldur gagnvart Lífskjarasamningum, íbúum Skútustaðahrepps og þeim fjölmörgu ferðamönnum sem heimsækja svæðið á hverjum tíma?

Krafa Framsýnar er að stjórnendur Samkaupa endurskoði ákvörðun sína þegar í stað og bjóði Mývetningum og gestum þeirra upp á sambærilegt vöruberð og best gerist í verslunum fyrirtækisins.“

Sveitarstjórn pakkar Framsýn fyrir kjarnyrt og gott bréf og tekur heilshugar undir að krafan er að stjórnendur Samkaupa endurskoði ákvörðun sína þegar í stað. Stjórnendur Samkaupa funduðu með sveitarstjórn þar sem ákvörðun um stórhækkun vöruberðs með nafnabreytingu á búðinni var tilkynnt á sínum tíma. Sveitarstjórn mótmælti þessari ákvörðun kröftuglega enda blaut tuska framan í Mývetninga og skoraði á Samkaup að endurskoða ákvörðunina en án árangurs sem voru mikil vonbrigði.

Sveitarstjórn ítrekar áskorun sína og Framsýnar til Samkaupa að endurskoða ákvörðun sína og breyta búðinni á ný í Kjörbúð og lækka vöruberð í Mývatnssveit að nýju.

H.H.

## 8. Hlíðavegur 6 - Netkerfislagnir - 2006037

Lagt fram tilboð frá Ljósgjafanum ehf. að upphæð 2.151.454 kr. í endurnýjun fjarskiptalagna að Hlíðavegi 6. Kostnaðaráætlun var 1.962.626 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tilboð Ljósgjafans en það er í samræmi við fjárfestingaaætlun ársins 2020.

## 9. Samráðsteymi vegna sveitarfélaga sem orðið hafa fyrir mikilum búsifjum vegna Covid-19 faraldursins - 2006025

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fól Byggðastofnun þann 16. apríl síðastliðin að vinna samantekt um áhrif niðursveiflu í ferðapjónustu á atvinnuástand á landsbyggðinni, með sérstaka áherslu á svæði þar sem ferðapjónusta hefur haft mikla þýðingu varðandi atvinnutekjur og fjármál sveitarfélaga. Í samantektinni er gefin var út 12. maí er reynt að greina mikilvægi ferðapjónustunnar eftir einstökum svæðum og sveitarfélögum. Við þá vinnu var fyrst og fremst stuðst við ýmis opinber gögn. Þá eru reifaðar sviðsmyndir sem komið hafa fram að undanförnu og fjallað er um með hvaða hætti ferðapjónustan gæti þróast á næstunni.

Greining Byggðastofnunar gefur góðar vísbendingar um hvaða sveitarfélög og svæði í byggðalegu tilliti kunni að standa verst að vígi vegna tímabundins hruns í ferðapjónustu. Með hliðsjón af því leggur ráðuneytið til að fram fari frekari greining á þeim áskorunum sem viðkomandi sveitarfélögin standa frammí fyrir í þessu samhengi. Þegar er unnið að sameiginlegum verkefnum með sveitarfélögunum á Suðurnesjum tengdum Covid-19 faraldrinum, en mikilvægt er einnig að hefja samtal við önnur sveitarfélög sem orðið hafa fyrir mestum áhrifum, en það eru Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Skútustaðahreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Hornafjörður og Rangárþing eystra.

Í því sambandi er mikilvægt að rýna hvernig margvíslegar mótvægisgerðir stjórnvalda nýtast sveitarfélögunum og byggðalögum, svo sem á sviði vinnumarkaðsaðgerða, menntunar og atvinnumála. Samhliða er rétt að rýna hvernig þær ráðstafanir sem sveitarfélögin sjálf hafa gripið til nýtast til verndar og viðspyrnu fyrir íbúa og atvinnulíf svæðisins.

Myndað hefur verið briggja manna samráðsteymi skipað fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Byggðastofnunar og landshlutasantaka sveitarfélaga á hvoru svæði sem vinna mun með viðkomandi sveitarfélögum að greiningunni. Er sú vinna þegar farin af stað.

Sveitarstjórn fagnar bessari vinnu og ítrekar hversu mikilvægt er að ríkið grípi til séntækra aðgerða gagnvart Skútustaðahreppi.

## 10. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022

Lögð fram 25. fundargerð skipulagsnefndar dags. 16. júní 2020. Fundargerðin er í 7 liðum.

Fundargerð: <http://www.skutustadahreppur.is/v/20909>


## 11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1611015

Lögð fram 885. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. júní 2020.

Fundi slitið kl. 11:10.



Helgi Héðinsson  
Helgi Héðinsson

  
Sigurður Böðvarsson

Dagbjört Bjarnadóttir  
Dagbjört Bjarnadóttir

Elisabet Sigurðardóttir  
Elísabet Sigurðardóttir

  
Halldór Þorlákur Sigurðsson

Gudrún Vésteinsson